

IV. Tillaga til 358. fundar bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar 5. mars 2015

2015020087 – Framtíðarskipulagning íþróttamannvirkja á Torfnessvæðinu

Á 156. fundi íþrótt- og tómstundaneftndar skoraði nefndin á bæjarstjórn að flýta framtíðarskipulagi á Torfnessvæðinu. Á 875. fundi bæjarráðs fól bæjarráð formanni bæjarráðs að koma með tillögu að vinnulagi varðandi framtíðarskipulagningu á Torfnessvæðinu.

Í-listinn leggur fram eftirfarandi tillögu vegna áskorunarinnar:

Í-listinn leggur til að íþrótt- og tómstundaneftnd skoði hugmyndir þess efnis að hætt verði við vinnu við skipulag á Torfnessvæði og þær 10 milljónir króna sem ætlaðar voru til verkefnisins verði þess í stað nýttar til samkeppni um hönnun á Sundhöll Ísafjarðar og umhverfi hennar við Austurveg. Sérstök áhersla yrði lögð á útipotta og endurbætur aðstöðunnar í víðu samhengi. Aðgengi, klefar, gufa og almenn íþróttaaðstaða yrðu til skoðunar í þessu samhengi.

Greinargerð:

Sundhöllin við Austurveg er merkileg bygging hönnuð af húsameistara ríkisins, Guðjóni Samúelssyni. Blómagarðurinn við Austurvöll er jafnframt einn af merkilegri skróðgörðum landsins sakir hönnunar og aldurs. Hönnunarsamkeppni á þessu svæði væri því krefjandi verkefni en að sama skapi væri mikils virði ef gera mætti þessu svæði hærra undir höfði í lífi bæjarbúa.

Góð pottaaðstaða og bættir búningsklefar við Austurveg eru líkleg til að koma til móts við þarfir flestra bæjarbúa, þó svo að keppnislaug verði að bíða betri tíma og e.t.v. skoðast í samstarfi við nágranna okkar í Bolungarvík. Ástæða er til að skoða í leiðinni möguleika okkar á að koma fyrir fjölbreyttri aðstöðu til íþróttaiðkunar og heilsuræktar.

Til skoðunar hefur verið að haldin yrði skipulagssamkeppni á Torfnesi og að henni lokinni lægi fyrir ákvörðun um nýtingu svæðisins til langrar framtíðar þar sem m.a. yrði tekin afstaða til fjölnota húss og nýrrar sundlaugar.

Fulltrúar Í-listans hafa rætt þetta við fjölda fólks og velt vöngum yfir málinu. Þrátt fyrir að gaman væri að hanna fallett svæði á Torfnesi er ljóst að fjölmörg verkefni eru svo brýn í Ísafjarðarbæ að nýtt fjölnotahús og ný sundlaug verða ekki á dagskrá á þessu kjörtímabili og varla því næsta heldur.

Hvað Torfnesið snertir er mun brýnna að koma upp knattspyrnuvelli sem allir aldursflokkar af báðum kynjum geta nýtt, bæði til keppni og æfinga. Sérstaklega er þetta brýnt í ljósi þeirrar útreiðar sem völlurinn fékk í asahlákunni 8. febrúar síðastliðinn.